

## AUGLÝSING

### um breytingu á samningi um Alþjóðasjómælingastofnunina.

Hinn 29. júní 1989 var ríkisstjórn Mónakó afhent samþykktarskjal Íslands vegna breytingar á 2. tl. X. gr. samnings frá 3. maí 1967 um Alþjóðasjómælingastofnunina, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 6/1968, þar sem samningurinn er birtur, og 16/1970. Breytingin var gerð á 13. Alþjóðasjómælingaþinginu í Mónakó 5. til 15. maí 1987 í ákvörðun nr. 5. Samkvæmt henni er breyting gerð á kosningu framkvæmdanefndar stofnunarinnar.

Tilkynnt verður um gildistöku breytingarinnar síðar.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 10. júlí 1989.*

**Jón Baldvin Hannibalsson.**

\_\_\_\_\_  
*Hannes Hafstein.*

Nr. 5

10. júlí 1989

## AUGLÝSING

### um viðauka III og V við alþjóðasamning um varnir gegn mengun frá skipum.

Hinn 30. júní 1989 var aðalframkvæmdastjóra Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar afhent samþykktarskjal Íslands vegna viðauka III og V við alþjóðasamning frá 2. nóvember 1973 um varnir gegn mengun frá skipum, eins og honum var breytt með bókun frá 17. febrúar 1978, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 9/1985 þar sem samningurinn er birtur ásamt bókuninni.

Viðauki V öðlast gildi 30. september 1989 að því er Ísland varðar. Tilkynnt verður um gildistöku viðauka III síðar.

Viðaukarnir eru ekki birtir með auglýsingu þessari en hægt er að fá aðgang að texta þeirra í utanríkisráðuneytinu.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 10. júlí 1989.*

**Jón Baldvin Hannibalsson.**

\_\_\_\_\_  
*Hannes Hafstein.*

Nr. 6

10. ágúst 1989

## AUGLÝSING

### um breytingu á Norðurlandasamningi um gagnkvæma aðstoð í tollamálum.

Hinn 3. ágúst 1989 var undirritaður í Osló samningur um breytingu á samningi frá 11. september 1981 milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um gagnkvæma aðstoð í tollamálum, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 19/1981 þar sem samningurinn frá 1981 er birtur.

Samningurinn öðlaðist gildi við undirskrift.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 10. ágúst 1989.*

**Jón Baldvin Hannibalsson.**

\_\_\_\_\_  
*Hannes Hafstein.*